

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. janúar 2020

Mál nr. E-3435/2018:

**Stjórnugrís hf.**

*(Sigurður Kári Kristjánsson)*

**gegn**

**Íslenska ríkinu**

*(Einar K. Hallvarðsson)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess þann 10. desember sl., var höfðað með stefnu birtri 22. október 2018 af Stjórnugrís hf., [...], [...], á hendur Íslenska ríkinu, [...].

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda samtals 9.199.195 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 194.159 krónum frá 27. október 2014 til 3. desember 2014, en af 408.773 krónum frá þeim degi til 29. desember 2014, en af 589.086 krónum frá þeim degi til 26. janúar 2015, en af 787.677 krónum frá þeim degi til 4. mars 2015, en af 986.582 krónum frá þeim degi til 23. mars 2015, en af 1.157.534 krónum frá þeim degi til 4. maí 2015, en af 1.348.683 krónum frá þeim degi til 27. maí 2015, en af 1.479.577 krónum frá þeim degi til 13. júlí 2015, en af 1.601.189 krónum frá þeim degi til 27. júlí 2015, en af 1.820.632 krónum frá þeim degi til 26. ágúst 2015, en af 2.012.294 krónum frá þeim degi til 12. október 2015, en af 2.200.407 krónum frá þeim degi til 26. október 2015, en af 2.396.499 krónum frá þeim degi til 24. nóvember 2015, en af 2.580.840 krónum frá þeim degi til 22. desember 2015, en af 2.773.089 krónum frá þeim degi til 25. janúar 2016, en af 2.925.552 krónum frá þeim degi til 1. mars 2016, en af 3.104.404 krónum frá þeim degi til 29. mars 2016, en af 3.280.705 krónum frá þeim degi til 3. maí 2016, en af 3.456.781 krónum frá þeim degi til 23. maí 2016, en af 3.635.092 krónum frá þeim degi til 2. ágúst 2016, en af 3.911.214 krónum frá þeim degi til 22. ágúst 2016, en af 4.075.271 krónum frá þeim degi til 21. september 2016, en af 4.271.922 krónum frá þeim degi til 26. október 2016, en af 4.465.851 krónum frá þeim degi til 6. desember

2016, en af 4.632.878 krónum frá þeim degi til 4. janúar 2017, en af 4.834.178 krónum frá þeim degi til 23. janúar 2017, en af 5.006.703 krónum frá þeim degi til til 6. mars 2017, en af 5.181.054 krónum frá þeim degi til til 28. mars 2017, en af 5.355.094 krónum frá þeim degi til 3. maí 2017, en af 5.569.684 krónum frá þeim degi til 6. júní 2017, en af 5.745.711 krónum frá þeim degi til 3. júlí 2017, en af 5.965.731 krónum frá þeim degi til 21. ágúst 2017, en af 6.177.817 krónum frá þeim degi til 28. ágúst 2017, en af 6.381.562 krónum frá þeim degi til 4. október 2017, en af 6.605.891 krónum frá þeim degi til 6. nóvember 2017, en af 6.805.147 krónum frá þeim degi til 27. nóvember 2017, en af 7.031.694 krónum frá þeim degi til 27. desember 2017, en af 7.260.615 krónum frá þeim degi til 31. janúar 2018, en af 7.447.077 krónum frá þeim degi til 18. apríl 2018, en af 7.871.330 krónum frá þeim degi til 14. maí 2018, en af 8.091.254 krónum frá þeim degi til 25. júní 2018, en af 8.303.167 krónum frá þeim degi til 9. júlí 2018, en af 8.518.483 krónum frá þeim degi til 28. ágúst 2018, en af 8.973.769 krónum frá þeim degi til 3. október 2018, en af 9.199.195 krónum frá þeim degi til 22. október 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 9.199.195 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði látinn niður falla.

#### *Ágreiningsefni og málsatvik*

Stefnandi er hlutafélag er stofnað var árið 1967 og starfrækir svínabú á nokkrum stöðum á landinu þar sem það ræktar svín, en annast jafnframt slátrun þeirra, vinnslu og sölu sláturafurða. Um þá starfsemi gilda lög nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og með síðari breytingum. Stefnandi gerir hér kröfu um endurgreiðslu á yfirmatsgjaldi sem innheimt hefur verið á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir. Byggir stefnandi kröfu sínar á því að gjaldið sé ólöglegt en hann hafi ekki þegið þjónustu í formi yfirmats er gjaldið taki til og stefnandi telji þjónustugjald.

Í V. kafla laga nr. 96/1997 er fjallað um gæðamat sláturafurða. Þar er í 1. mgr. 15. gr. kveðið á um störf og skyldur kjötmatsmanna sem skuli meta allar sláturafurðir sem fluttar séu á erlendan markað eða til sölu innanlands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá skuli þeir, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, gæta þess að

reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Nánar er fjallað um þær skyldur í reglugerð sem sett hefur verið með stoð í ákvæðinu, sbr. reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða nr. 500/2017, sbr. og eldri reglugerð sama efnis nr. 882/2010 sem nú hefur verið felld brott. Í 1. mgr. 15. gr. kemur fram að sláturleyfishafar skuli greiða allan kostnað af störfum kjötmatsmanna. Þetta er nánar útfært í 11. gr. gildandi reglugerðar, sbr. 12. gr. eldri reglugerðar, en þar segir að sláturleyfishafar skuli greiða kjötmatsmönnum laun, svo og kostnað vegna ferða og dvalar vegna námskeiða sem matsmönnum sé skylt að sækja samkvæmt fyrirmælum Matvælastofnunar (MAST).

Stefnandi vísar til þess að í samræmi við framangreint hafi hann ráðið kjötmatsmenn til starfa við sláturhús sitt. Þeir teljist vera starfsmenn stefnanda en beri faglega ábyrgð gagnvart MAST. Í samræmi við 2. mgr. 15. gr. laga nr. 96/1997 sinni MAST yfirmati á sláturafurðum, sé eftir því óskað, sbr. og 10. gr. reglugerðar nr. 500/2017 og 11. gr. eldri reglugerðar nr. 882/2010. Hugtakið „yfirmat“ sé skilgreint í 14. gr. reglugerðar nr. 500/2017 og feli þá þar í sér að kjötmatsmaður, innleggjandi, kaupandi kjöts eða sláturleyfishafi geti skotið ágreiningi um gæðamat til MAST.

Um innheimtu gjalds til að mæta kostnaði vegna yfirmats sé fjallað í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997. Samkvæmt henni skuli gjaldið innheimt hjá sláturleyfishöfum og nema 0,55 krónum á hvert kíló kjöts sem innvegið sé í sláturhúsi. Nánari útfærslu á þessu sé svo að finna í 11. gr. núgildandi reglugerðar nr. 500/2017, sbr. og 12. gr. eldri reglugerðar nr. 882/2010, þar sem fram komi að MAST beri eigin kostnað af yfirmati, en annan kostnað sem af því hljótist greiði sá sem fari fram á matið.

Ekkert kjötmat, hvorki almennt kjötmat né yfirmat, hafi farið fram á vegum MAST í sláturhúsi stefnanda í meira en áratug. Ástæðan sé sú að bændur leggi ekki inn kjöt í sláturhús stefnanda heldur fari þar fram annars vegar verktakaslátrun en hins vegar eigin slátrun. Þrátt fyrir það og þrátt fyrir skýr ákvæði um yfirmat og greiðslu kostnaðar vegna þess hafi MAST, f.h. stefnda, innheimt hjá stefnanda mánaðarlegt gjald vegna yfirmats. Innheimta gjaldsins hjá stefnanda hafi þannig verið með öllu óháð því að fram hafi farið nokkurs konar kjötmat hjá stefnanda á vegum MAST.

Með bréfum til MAST, dags. 16. október 2014 og 10. desember 2014, hafi stefnandi upplýst að hann teldi þessa innheimtu vera ólöglega. Hún ætti sér hvorki stoð í ákvæðum laga nr. 96/1997 né í ákvæðum reglugerða settra á grundvelli lagana. Ekki hafi verið fallist á þau sjónarmið stefnanda, sbr. svarbréf 21. nóvember 2014 og

14. júlí 2015. Þar sem stefnandi telji álagningu yfirmatsgjalds ólögmeta telji hann sig knúinn til þess að höfða mál þetta með þeim dómkröfum sem að framan greinir. Þar sem gjald vegna yfirmats renni til ríkisins beini stefnandi kröfum sínum að stefnda, með vísan til ákvæða laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Af hálfu stefnda er hins vegar lögð áhersla á það að stefnandi starfræki sláturhús í Saltvík á Kjalarnesi, þar sem fyrirtækið slátri svínum sem það ali sjálft upp á búum sínum á nokkrum stöðum á landinu. Langstærsti hluti starfseminnar felist í því að slátra eigin svínum. Stefnandi slátri þó einnig svínum fyrir önnur svínabú í verktöku. Þannig sé svínum frá Ormsstöðum slátrað í Saltvík, en það svínabú sé í eigu þriðju aðila og ekki tengt stefnanda. Þá liggi fyrir upplýsingar um að stefnandi hafi árið 2015 slátrað svínum í verktöku fyrir Sláturfélag Suðurlands (SS). Kjötmat hafi verið notað til þess að ákveða greiðslu til þeirra bænda sem hafi átt í viðskiptum við SS. Ekki séu takmarkanir á því fyrir hvern stefnandi geti slátrað eða hvernig fyrirtækið markaðssetji afurðir sínar, það er hverjum það selji afurðir úr sláturhúsinu.

Við slátrun svína í sláturhúsi stefnanda í Saltvík beri fyrirtækinu að fylgja lögum varðandi kjötmat. Þannig beri því að hafa kjötmatsmenn til að meta alla svínaskrokka sem falli þar til, hvort heldur sem sé í tilvikum þar sem eigin framleiðsla sé slátrað þar eða þar sem slátrað sé í verktöku fyrir þriðja aðila. MAST hafi 21. nóvember 2013 gefið út erindisbréf fyrir tvo kjötmatsmenn vegna starfa þeirra í sláturhúsi stefnanda í Saltvík, en annar þeirra hafi nú látið af störfum. Stefnandi skili reglulega til MAST kjötmatsgögnum þar sem grísir, gyltur og geltir séu skráðir í kjötmatsflokk í samræmi við viðauka III í reglugerð. MAST hafi þannig upplýsingar um kjötmat hjá fyrirtækinu og haldi utan um þær í kerfum MAST, þ.m.t. á því tímabili sem málshöfðunin taki til. MAST hafi í samræmi við 16. gr. laga nr. 96/1997 innheimt 0,55 krónur á hvert kíló kjöts sem komið hafi til slátrunar hjá stefnanda í samræmi við þessar upplýsingar.

MAST skiptist upp í svið eftir viðfangsefnum, sbr. 3. gr. laga um MAST nr. 30/2018. Á sviði dýraheilsu hjá MAST starfi fagsviðsstjóri kjötmats. Hann sjái um fræðslu kjötmatsmanna í sláturhúsum, staðfesti hæfni þeirra, samræmi kjötmat með eftirliti, skeri úr ágreiningi og geri upplýsingar um kjötmat aðgengilegar. Frá því að núverandi fagssviðstjóri kjötmats hafi tekið við starfi sínu í ágúst 2016 hafi hann ekki farið í eftirlit vegna kjötmats í sláturhús stefnanda í Saltvík og ekki hafi komið beiðni frá fyrirtækinu eða þriðja aðila vegna slátrunarinnar á tímabilinu sem málshöfðunin taki til. Byggir sýknukrafa stefnda því á að umrætt gjald sé í reynd álagður skattur.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir á því að innheimta á gjaldi vegna yfirmats, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997, hafi átt sér stað um árabíl án fullnægjandi lagastoðar. Innheimt hafi verið hjá honum gjöld vegna yfirmats þrátt fyrir að ekkert kjötmat hafi farið fram í sláturhúsi stefnanda, hvorki almennt kjötmat né yfirmat. Skilyrði innheimtu sé það að yfirmat hafi farið fram og að gjaldtakan einskorðist við það að óskað hafi verið eftir slíku mati. Þá sé á því byggt að hér sé um að ræða þjónustugjald en ekki skattheimtu.

Innheimta gjalds vegna yfirmats samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 sé háð því ófrávíkjanlega skilyrði að eftir slíku yfirmati hafi verið óskað, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga. Þrátt fyrir áskoranir stefnanda þá hafi MAST, fyrir hönd stefnda, ekki getað staðfest að slíkar óskir hafi borist stofnuninni. Ekkert kjötmat hafi farið fram á vegum MAST í sláturhúsi stefnanda í meira en áratug, enda leggi bændur þar ekki inn kjöt heldur fari þar fram verktakaslátrun og eigin slátrun. Kjötmat í skilningi laga og reglugerða hafi raunar enga þýðingu þegar um slátrun til eigin notkunar sé að ræða. Þá hafi engin upplýsingaöflun átt sér stað af hálfu MAST né nokkur samskipti verið við stefnanda um kjötmat eða atriði því tengd. Grundvallarforsenda gjaldskyldu samkvæmt ákvæðinu sé að eftir yfirmati hafi verið óskað með rökstuddri beiðni sem send hafi verið stefnda, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 96/1997. Við þetta skuli gjaldtakan miðast. Eftir slíku yfirmati hjá stefnanda hafi hins vegar aldrei verið óskað. Þegar af þeirri ástæðu fullnægi innheimta gjaldsins ekki lagaskilyrðum og teljist því ólögmat.

Af 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 leiði að gjaldtökuheimildin einskorðist við yfirmat sem heimilt sé að óska eftir samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna. Sé gjaldinu þannig eingöngu ætlað að standa straum af kostnaði sem af slíku yfirmati hljóttist, en ekki kostnaði vegna annars gæðamats sláturafurða samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 96/1997, eða kostnaði vegna kjötmats og samræmingar þess samkvæmt ákvæðum 11. gr. reglugerðar nr. 882/2010 (sbr. 10. gr. nógildandi reglugerðar nr. 500/2017), eins og MAST haldi fram í bréfum, dags. 21. nóv. 2014 og 14. júlí 2015.

Með gjaldtökunni hafi MAST, sem innheimti gjaldið í umboði stefnda, útvíkkað grundvöll gjaldtökunnar á þann hátt að gjaldi vegna yfirmats sé ætlað að standa straum af mun fleiri kostnaðarliðum en 2. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 mæli skýrt fyrir um og heimili. Greiðendum gjaldsins verði ekki gert að standa straum af kostnaði er falli utan við það sem lög og reglugerðir mæli sérstaklega fyrir um.

Gjaldið teljist þjónustugjald, en réttur til að óska eftir yfirmati samkvæmt 2. mgr. 15. gr. sé valkvæður og byggist á heimildarákvæði. Heimild til innheimtunnar sé lögum samkvæmt háð því skilyrði að ósk um yfirmat hafi komið fram. Slíkt gjald geti ekki talist skattur, eins og MAST haldi fram. Hér sé um að ræða þjónustugjald vegna umbeðinnar þjónustu við yfirmat en ekki almenna tekjuöflun hins opinbera. Því þurfi að vera tengsl á milli þeirrar skyldu að greiða gjöldin og þeirrar þjónustu sem sé veitt.

Framkvæmd innheimtu yfirmatsgjalds skorti því lagastoð og sé því í andstöðu við lögmatísreglu stjórnisýsluréttarins. Standist hún því ekki ákvæði 77. gr., sbr. 40. gr., stjórnarskrár. Ljóst sé þá að stefnandi hafi því ofgreitt gjöld í skilningi 1. gr. laga nr. 29/1995. Stefnandi geri hér því þá kröfu að stefnda verið gert að greiða stefnanda 9.199.195 krónur að viðbættum vöxtum og dráttarvöxtum, sbr. dómkröfur málsins.

Í 1. gr. laga, nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, sé skýrt kveðið á um að stjórnvöldum, sem innheimta skatta eða gjöld, beri að endurgreiða fé er ofgreitt reynist. Það leiði af ákvæðum laganna að skorti álagningu gjalda lagastoð teljist hún ólögmat. Standist álagning eða skattheimta er byggir á ákvæðum almennra laga ekki ákvæði stjórnarskrár, svo sem 77. gr. hennar, sbr. 40. gr., eða brjóti í bága við önnur ákvæði hennar teljist gjaldtakan ólögmat. Þá sé grundvöllur gjaldtökunnar brostinn og óhjákvæmilegt að endurgreiða allt féð sem ofgreitt hafi verið, með vísan til 1. gr. laga, nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Ólögfestar meginreglur kröfuréttarins um endurheimtu ofgreidds fjár leiði til sömu niðurstöðu.

Stefnandi telji að slík endurgreiðsluskylda sé fyrir hendi. Réttur til endurheimtu ofgreiddra gjalda sé ekki háður því að greitt hafi verið með fyrirvara. Af þeim ástæðum og með vísan til 1. gr. laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, sbr. 4. gr. þeirra, krefjist stefnandi þess að stefndi endurgreiði stefnanda þau yfirmatsgjöld sem á hann hafa verið lögð og stefnandi hafi greitt síðastliðin fjögur ár, sbr. fyrirbyggjandi innheimtuseðla. Hafi stefnandi greitt alls 9.199.195 krónur í gjöld vegna yfirmats á þeim gjaldárum sem endurgreiðslukrafan taki til og innan þess fyrningarfrests sem 4. gr. laga nr. 29/1995 kveði á um, en vísað sé til sundurliðunar á fjárhæðum umræddra greiðslna eftir gjalddögum á árunum 2014–2018 í stefnu.

Stefnandi krefjist vaxta og dráttarvaxta af höfuðstól krafanna samkvæmt því sem greini í kröfugerð stefnanda. Vaxtakrafa stefnanda byggist á 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Krafist sé vaxta frá gjalddaga hvernar

greiðslu í samræmi við framangreinda sundurliðun. Dráttarvaxtakrafa stefnanda byggist á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995. Gerð sé krafa um dráttarvexti frá 22. okt. 2018, sem sé stefnubirtingardagur, og um að vextir leggist við höfuðstól, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001, í fyrsta sinn 27. október 2015.

Vísað sé til laga nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og reglugerða settra á grunni þeirra, 77. gr., sbr. 40. gr., stjórnarskrár nr. 33/1944, laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda og meginreglna kröfuréttar, laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, svo sem 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 11. gr., og 12. gr. þeirra, og loks um málskostnaðarkröfu til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi mótmæli því að umrætt gjald lagt á stefnanda á grunni 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir hafi verið ólöglegt, en gjaldið sé lagt á eftir skýru lagaboði og réttilega á lagt. Útreikningur gjaldsins í stefnu sé rangur en ef miða ætti við stefnu þá væri heildarfjárhæð 9.199.555 krónur og vaxtakröfur þá ekki réttar.

MAST starfi samkvæmt lögum nr. 30/2018 en hlutverk MAST sé m.a. að fara með stjórnsýslu og eftirlit með lögum nr. 96/1997 varðandi kjötmat. MAST sinni yfirkjötmati og beri þannig ábyrgð á kjötmati í sláturhúsum og samræmingu þess, sbr. lög nr. 96/1997. Tilgangur laganna sé samkvæmt 1. gr. þeirra að tryggja svo sem kostur er að sláturafurðir séu flokkaðar eftir tegundum og gæðum. Lögin nái samkvæmt f-lið 2. gr. þeirra yfir gæðamat, flokkun og merkingar á kjöti.

Við hvert sláturhús starfi kjötmatsmenn sem séu launaðir af sláturleyfishöfum en beri faglega ábyrgð gagnvart MAST. Kjötmatið, flokkun skrokka eftir holdfyllingu og fitu, gegni veigamiklu hlutverki sem undirstaða verðlagningar og viðskipta með kjöt og til upplýsingar fyrir búfjárræktina. Í V. kafla laganna sé fjallað um gæðamat sláturafurða, en í 15. gr. segi: „Kjötmatsmenn skulu meta allar sláturafurðir sem fluttar eru á erlendan markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatsmenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, að reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem ráðherra setur. Sláturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna. Heimilt er að óska eftir yfirmati á sláturafurðum og skal rökstudd beiðni þar um send [MAST].

Ráðherra setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum [MAST] er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.“

Orðalag ákvæðisins sé að mestu sambærilegt orðalagi 2. mgr. 15. gr. frumvarps er varð að lögnum. Sá munur hafi þó orðið að ákvæðið hafi samkvæmt orðum sínum tekið til „endurmats á kjöti og slátri“ og rökstudda beiðni um slíkt mat hafi átt að senda kjötmatsformanni. Á Alþingi, að tilstuðlan landbúnaðarnefndar, hafi fyrrnefndu orðunum verið breytt svo að heimildin tæki til „yfirmats á sláturafurðum“. Tilgangur þeirrar breytingar virðist þó ekki hafa verið annar en sá að samræma orðanotkun frumvarpsins skilgreiningum í 2. gr. frumvarpsins. Í nefndaráliti landbúnaðarnefndar hafi þó verið tekið fram að með tillögu um breytingu á 15. gr. hafi staðið til að „gera kjötmatið alfarið óháð yfirdýralækni“. En við samþykkt laganna hafi verið kveðið á um í 2. mgr. 15. gr. að beiðni um yfirmat skyldi send kjötmatsformanni. Hlutverkið hafi hins vegar svo verið tekið af kjötmatsformanni og fært Landbúnaðarstofnun með samþykkt 16. gr. í samhengi við brottfall ákvæðis um skipan kjötmatsformanns þegar verkefni hans hafi verið færð yfir til Landbúnaðarstofnunar. Með 65. gr. laga nr. 167/2007 hafi verkefnið síðan verið fært yfir til MAST. Í skýringum við 15. gr. frumvarps sem orðið hafi að lögum nr. 96/1997 segi: „Greinin er hliðstæð 1. mgr. 8. gr. gildandi laga. Nýmæli er að haft sé samráð við helstu hagsmunaaðila áður en mótaðar eru tillögur um gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum, sbr. 3. mgr. greinarinnar.“ Hin gildandi lög sem vísað sé þarna til í séu lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og vísi stefndi þá sérstaklega til 8. gr. þeirra. Hér verði einnig að líta til innra samhengis laga nr. 96/1997 við skýringu á 16. gr. þeirra, einkum ákvæða V. kafla um gæðamat sláturafurða.

Innheimt sé sérstakt gjald af sláturleyfishöfum, sbr. 16. gr. laga nr. 96/1997, til að standa straum af kostnaði við yfirkjötmatið, er nemi 0,55 krónum á hvert innvegið kíló og taki til kinda-, stórgripa- og svínakjöts. Í 16. gr. segi: „[MAST] samræmir mat og flokkun á sláturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. [MAST] getur einnig, eftir því sem þörf er á, gert athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað. Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta, sem sláturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.“

Nánari útfærslu á hlutverki MAST sé síðan að finna í reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða. Núverandi reglugerð sé nr. 500/2017 og hafi tekið gildi 1. júlí 2017, en áður hafi verið í gildi reglugerð nr. 882/2010. Samkvæmt reglugerð nr. 882/2010 skuli flokka og merkja allar sláturafurðir eftir tegundum og gæðum samkvæmt ákvæðum hennar. MAST hafi haft margvíslegu hlutverki að gegna samkvæmt því, t.d. að gefa út verklýsingar um snyrtingu og sundurhlutun á skrokkum, sbr. 2. gr., samræma vinnureglur um snyrtingu á skrokkum, sbr. 3. gr., veita leyfi til að víkja frá skilyrðum, sbr. 2. og 3. gr., sbr. 5. gr., og staðfesta gerð og frágang merkimiða og leturgerð, sbr. 9. gr. hennar. MAST vinni að samræmingu kjötmats, sbr. 11. gr., reglugerðar nr. 882/2010, en þ.m.t. eigi MAST að hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti, skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn, meta hæfni þeirra og setja þeim erindisbréf, leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti, skera úr ágreiningi um gæðamat og störf kjötmatsmanna, framkvæma yfirmat samkvæmt rökstuddri beiðni kaupanda eða seljanda og sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi. Nánar sé fjallað um þessa þætti í IV. kafla reglugerðarinnar, bæði hvað varðar skyldur kjötmatsmanna og MAST. Í 12. gr. reglugerðarinnar segi síðan að MAST beri eigin kostnað af yfirmati en annan kostnað sem af því hljótist greiði sá sem um það biður. Sláturleyfishafar skuli greiða kjötmatsmönnum sínum laun, svo og kostnað af ferðum og dvöl vegna námskeiða sem matsmönnum sé skylt að sækja samkvæmt yfirmælum MAST. Efnislega sé reglugerð nr. 500/2017 sambærileg og leggi sams konar skyldur á herðar sláturleyfishöfum og MAST og brottfallna reglugerðin.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 96/1997 skuli sláturleyfishafar greiða 0,55 krónur á hvert kíló kjöts er innvegið sé í sláturhús. Með yfirmati í skilningi laganna sé að mati stefnda átt við allar þær skyldur er kveðið sé á um í V. kafla laganna og reglugerðum um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða, nr. 882/2010 og nr. 500/2017.

Í 10. gr. reglugerðar nr. 500/2017 og 11. gr. reglugerðar nr. 882/2010 segi að MAST skuli hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti, ákveða kröfur er eigi að gera til kjötmatsmanna, skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn, meta og staðfesta hæfni kjötmatsmanna og setja þeim erindisbréf, með reglubundnum hætti fylgjast með og samræma störf og starfsaðferðir kjötmatsmanna, leiðbeina kjötmatsmönnum um gæðamat, skera úr ágreiningi um gæðamat og störf kjötmatsmanna, gera athuganir á kjöti og sláturafurðum, framkvæma yfirmat að

beiðni kaupanda eða seljanda vörunnar, enda fylgi rökstuðningur slíkri beiðni og sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi. Til þess að standa straum af kostnaði MAST við að rækja þessar skyldur sé innheimt sérstakt gjald af sláturleyfishöfum, 0,55 krónur á kíló á innvegnu kjöti. Tilvísun í 11. gr. reglugerðar nr. 500/2017 og 12. gr. reglugerðar nr. 882/2010 verði ekki skilin öðruvísi en svo að ekki verði tekin frekari gjöld vegna samræmingar og flokkunar við yfirmat en gert sé þannig samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997. Framangreindur skilningur sé í samræmi við framkvæmd laganna í áratugi og hafi MAST innheimt gjaldið hjá stefnanda án athugasemda eða fyrirvara frá upphafi.

Túlkun stefnanda þess efnis að innheimta gjaldsins einskorðist við það að óskað hafi verið eftir „yfirmati“ standist ekki. Eitt af hlutverkum MAST samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna og reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða sé að framkvæma „yfirmat“ þegar rökstudd beiðni þess efnis berist frá kjötmatsmanni, innleggjanda, kaupanda kjöts eða sláturleyfishafa. Stefndi telji órökrétt að halda því fram að gjaldskrárákvæðinu hafi verið ætlað að taka á tilvikum sem þessum, sem séu í raun afar fátíð, sbr. fyrirbyggjandi töflu stefnda í greinargerð. Samkvæmt skilningi stefnanda myndi innheimta á grundvelli 16. gr. laganna þá nema fáeinum hundruðum króna eða fáeinum þúsundum króna á ári, sbr. töflu um þau skipti þar sem óskað er eftir aðkomu MAST vegna deilna um kjötmat varðandi slátrun á búfé frá einum aðila.

Með lögum nr. 140/1996 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997 hafi verið gerðar breytingar á lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum (forveri laga nr. 96/1997), en í 6. gr. þeirra segi: „Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 57/1990 um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta skal vera 0,55 kr./kg kjöts sem innvegið er í afurðastöð. Landbúnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.“ Í athugasemdum er fylgt hafi frumvarpi til laganna segi um ákvæðið: „Lagt er til að sláturleyfishöfum verði gert að greiða sérstakt gjald, matsgjald, til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum nr. 30/1966, um slátrun, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, og við yfirmat samkvæmt lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull. Í gildandi lögum er gjaldtökuheimild vegna yfirmats og er matsgjaldi samkvæmt þessari grein ætlað að koma í stað þeirrar gjaldtökuheimildar. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi nein áhrif á tekjur eða útgjöld ríkisins, enda er hér

eingöngu verið að kveða skýrar á um gjaldtökuna í lögum.“ Í umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarpið segi síðan að lagt verði á sérstakt matsgjald til þess að standa undir kostnaði ríkisins af mati á sláturafurðum og gæru- og ullarmati.

Þau gildandi lög er vísað sé til í nefndum athugasemdum séu lög nr. 148/1994 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, en 27. gr. þeirra sé svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögnum leiðir.“ Ákvæðið hafi verið í 18. gr. frumvarps til laganna. Engar skýringar sé þar að finna á efni þess aðrar en þær að 10.–29. gr. frumvarpsins séu í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995, um skerðingu lögboðinna framlaga, og því sé lögð til skerðing á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila er séu bundin í sérlögum, en þau sjónarmið geti vart átt við um umrædda 18. gr.

Við setningu laga nr. 96/1997 hafi ekki verið gerðar efnislegar breytingar og sláturleyfishöfum gert að greiða kostnað við yfirmat samkvæmt lögnum og skyldi gjald vera hið sama og áður, 0,55 krónur á hvert kíló kjöts sem innvegið sé í sláturhúsi. Í umsögn fjárlagaskrifstofu segi: „Í 9. gr. laga nr. 30/1966 er ákvæði um að ríkissjóður beri hluta af þeim kostnaði sem hlýst af yfirmati. Í 6. gr. laga nr. 140/1997, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, er ráðherra heimilað að taka gjald af sláturleyfishöfum til greiðslu kostnaðar ríkissjóðs af yfirmati sem leiðir af lögnum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, nr. 30/1966, með síðari breytingum. Þetta ákvæði er nú efni 16. gr. þessa frumvarps og þar með gert varanlegt.“

Eins og stefndi hafi gert grein fyrir þá sé gjald þetta fastákveðið af löggjafanum og hafi hann ákveðið að gjaldið skuli miðað við ákveðna krónutölu á hvert kíló kjöts. Lagaákvæðið beri því öll merki þess að vera skattur eða lögbundið gjald sem ætlað sé að standa undir ákveðnum kostnaði sem falli til sökum kostnaðar ríkisins af stjórnsýslu þeirri sem kveðið sé á um í V. kafla laga nr. 96/1997.

Líta verði til dóms Hæstaréttar Íslands frá 3. nóvember 2011 í máli nr. 705/2010. Í því máli hafi verið krafist endurgreiðslu á gjaldi vegna heilbrigðiseftirlits kjötskoðunarlækna með slátrun Matfugls á árunum 2005 til 2008. Gjaldheimtan hafi verið byggð á heimild í lögum nr. 96/1997 sem kveðið hafi á um að eftirlitsgjaldið miðaðist við raunkostnað og skyldi vera 6,50 kr. á hvert kíló alifuglakjöts. Ekki hafi verið deilt um það í málinu að kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits með alifuglakjöti

hefði á tímabilinu verið verulega lægri en innheimt gjald vegna eftirlits með slátrun þess. Í forsendum dómsins segi hins vegar: „Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, eins og ákvæðið hljóðaði á þessum tíma, var tilgreint hverjir væru gjaldskyldir samkvæmt ákvæðinu, við hvað gjaldið skyldi miðast og hver væri fjárhæð þess. Í lögum voru því greind öll þau meginatriði sem þarf til þess að ákvæðið væri fullgild heimild til skattlagningar samkvæmt 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og var stjórnvöldum ekki falin ákvörðun um nein meginatriði skattheimtunnar. Bar því enga lagalega nauðsyn til þess að samræmi væri milli gjaldsins og kostnaðar við eftirlitið, eins og þörf hefði verið á ef um þjónustugjald hefði verið að ræða. Samkvæmt þessu verður áfrýjandi sýknaður af kröfu stefnda.“ Ljóst sé að grundvöllur innheimtu hjá stefnanda vegna kjötmats sé sambærilegur við málsatvik í fyrrnefndum dómi. Þannig sé í 16. gr. laga nr. 96/1997 tilgreint hverjir séu gjaldskyldir eftir ákvæðinu, þ.e. sláturleyfishafar, við hvað gjaldið skuli miða, það er hvert kíló kjöts sem innvegið sé í sláturhúsi og hver fjárhæðin sé, það er 0,55 krónur á hvert kíló. Því séu fyrir hendi öll meginatriði sem sýni að gjaldið sé fullgild lagaheimild til skattlagningar samkvæmt 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrár og MAST eða stjórnvöldum ekki falin ákvörðun um nein meginatriði skattheimtunnar. Engin lagaleg nauðsyn sé fyrir því að samræmi eða tengsl séu á milli gjalds vegna kjötmats (yfirmats) og kostnaðar við stjórnsýslu með kjötmati eða að stjórnvöld þurfi að sýna fram á slíkt. Telji stefndi því að um fullgilda skattlagningarheimild sé að ræða sem uppfylli nefnd ákvæði stjórnarskrár. Í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 sé mælt fyrir um skyldu til þess að greiða gjaldið, það skuli sláturleyfishafar gera og séu gjaldið og gjaldstofninn ákveðin með lögum.

Engar vísbendingar sé að finna í lögskýringargögnum um að gjaldi fyrir yfirmat eftir 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 hafi verið ætlað að vera þjónustugjald. Þvert á móti verði ráðið af orðalagi og forsögu ákvæðisins að um skatt sé að ræða, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 13. mars 2014 í máli nr. 161/2014. Gjaldið, sem innheimta beri af sláturleyfishöfum til að standa straum af kostnaði við yfirmat MAST, sé liður í því að MAST fái gegnt samræmingarhlutverki sínu gagnvart mati kjötmatsmanna og geti sinnt verkefnum er reifuð séu að framan, en ekki fyrir beina þjónustu eins og stefnandi haldi fram, eða einungis á grundvelli beiðni um yfirmat. Orðalagið í 2. mgr. 16. gr. hafi breiðari skírskotun en stefnandi haldi fram og það verði einnig ráðið af forsögu ákvæðisins. Því sé mótmælt að engin upplýsingaöflun hafi átt sér stað af hálfu MAST.

Þrátt fyrir að heimilt sé að nota þær tekjur sem innheimtar séu samkvæmt 16. gr. laganna í önnur ótengd verkefni, þá hafi MAST ekki gert það, enda hafi gjaldið ekki hækkað frá því að lögin hafi verið sett og innheimta gjalda eftir 16. gr. hafi ekki staðið undir kostnaði MAST við yfirmat. Ekki sé rétt að MAST hafi víkkað út grundvöll gjaldtökunnar. Til að standa undir kostnaði við störf MAST vegna yfirmats hafi verið leitað til Landssamtaka sláturleyfishafa um fjárstyrk svo hægt sé að fara í viss verkefni og sinna stjórnsýslu með þeim hætti er vilji og óskir aðila standi til, sbr. fyrirbyggjandi bréf MAST til stjórnar Landssamtaka sláturleyfishafa, sem liggja frammi í málinu.

Því sé krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málsástæðum hans að öðru leyti mótmælt. Til stuðnings varakröfum stefnda, þá sé vaxta- og dráttarvaxtakröfu mótmælt, einkum upphafstíma þeirra. Til stuðnings kröfum um málskostnað, þá vísi stefndi í öllum tilvikum til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### *Niðurstaða*

Málavextir liggja fyrir, en stefnandi, sem er sláturleyfishafi, gerir í málinu kröfu á stefnda, á grunni laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu gjalds sem á hann hefur verið lagt og hann óumdeilt innt af hendi á árabílinu 2014–2018, sbr. dómkröfur stefnanda.

Í máli þessu er einkum deilt um það hvort umrædd gjaldtaka, sem byggð er á heimild í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og með síðari breytingum, og er ætlað að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögunum, sé þjónustugjald aðeins í því augnamiði, sem stefnandi heldur fram, eða þá sérstakur skattur á sláturleyfishafa með breiðari skírskotun, eins og stefndi telur vera, en fyrir liggur að ekkert slíkt yfirmat fór fram hjá stefnanda að hans ósk á umræddu tímabili, sbr. 2. mgr. 15. gr., en sú umrædda 15. gr. laga nr. 96/1997 er annars svohljóðandi:

„Kjötmatismenn skulu meta allar sláturafurðir sem fluttar eru á erlendan markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatismenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, að reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem ráðherra setur. Sláturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna.

Heimilt er að óska eftir yfirmati á sláturafurðum og skal rökstudd beiðni þar um send [MAST].

Ráðherra setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum [MAST] er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.“

Í hér áður nefndri 16. gr. sömu laga nr. 96/1997 segir þá síðan eftirfarandi:

„[MAST] samræmir mat og flokkun á sláturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. [MAST] getur einnig, eftir því sem þörf er á, gert athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað.

Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta, sem sláturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, sbr. málsástæður hans hér að framansögðu, að skýra verði gjaldtökuheimildina í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 til samræmis við 2. mgr. 15. gr. laganna, þannig að umrætt gjald hljóti þá að vera þjónustugjald, sem einungis ætti þá að leggjast á þá sem óskað hafi eftir yfirmati á sláturafurðum fyrir þá þjónustu, en ekki annað. Fyrir liggur að stefnandi hefur ekki óskað eftir slíku yfirmati, en hefur þó sætt innheimtu umrædds gjalds, sem eru 0,55 krónur á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi. Telji stefnandi gjaldtökuna því ólögumæt og beri stefnda því að endurgreiða gjaldið, en fyrir liggur að MAST innheimtir gjaldið fyrir stefnda.

Af hálfu stefnda er hins vegar að framansögðu einkum vísað til þess að umrætt gjald sé í reynd sérstakur skattur er hafi verið réttilega lagður á stefnanda eins og aðra sláturleyfishafa lögum samkvæmt. Í málsástæðum stefnda eru þannig rakin tildrög að setningu umræddra laga, sbr. enn fremur umfjöllun þar um viðlíka gjaldtökuheimild í eldri lögum fyrir þeirra tíð, og fjallað nánar um hlutverk MAST í tengslum við kjötmat í reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða nr. 500/2017, en þar áður var efnislega hliðstæð reglugerð nr. 882/2010, en í 11. gr. þeirrar nr. 500/2017 segir:

„[MAST] ber eigin kostnað af yfirmati en annan kostnað sem af því hlýst greiðir sá er um það biður, samkvæmt gjaldskrá [MAST]. Sláturleyfishafar skulu greiða kjötmatsmönnum laun, svo og kostnað vegna ferða og dvalar vegna námskeiða sem matsmönnum er skylt að sækja samkvæmt fyrirmælum [MAST]. Þeir sem sækja námskeið á eigin vegum greiði allan kostnað sjálfir sem af því hlýst.“

Telur stefndi, sbr. hér að framansögðu, að þrátt fyrir sértaka vísun til yfirmats í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997, þá eigi gjaldtökuheimild í lagaákvæðinu í reynd við þær fjölmörgu skyldur MAST sem kveðið sé á um í framangreindum ákvæðum 15. og 16.

gr. laganna og umræddra reglugerða, en tilvísun laganna til reglugerðar nr. 500/2017, sbr. 11. gr., og áður nr. 822/2010, 12. gr., verði ekki skilin öðruvísi en svo að ekki verði þá tekin frekari gjöld vegna samræmingar og flokkunar við yfirmat en gert sé samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997. Sé sá rúmi skilningur á túlkun ákvæðisins í samræmi við áratuga framkvæmd, en MAST hafi innheimt gjaldið án athugasemda. Ákvæðið hafi þannig ekki verið sett sérstaklega til þess að framkvæma yfirmat, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga, þegar rökstudd beiðni um það bærisk, eins og að framan greinir, en slík tilvik séu afar fátíð eins og stefndi hefur fært rök að í gögnum málsins.

Þá rekur stefndi einnig eldri lög nr. 30/1966, sbr. lög nr. 57/1990, nr. 140/1996, sbr. og nr. 148/1994, þar sem mælt hafi verið fyrir um viðlíka gjaldtökuheimild í 9. gr. laga nr. 30/1966, en við setningu núverandi laga nr. 96/1997 hafi ekki verið gerðar efnislegar breytingar á gjaldtökunni frá því eldra fyrirkomulagi og sláturleyfishöfum verið gert að greiða kostnað við yfirmat o.fl. samkvæmt þeim, það er með almennu gjaldi sem nemi 0,55 krónum á hvert kíló kjöts er innvegið sé í sláturhúsi. Þá útskýrir stefndi eðli gjaldsins með vísan til athugasemda í greinargerð um 6. gr. laga nr. 140/1996, sem breyttu lögum nr. 30/1966, sem giltu fyrir gildistöku laga nr. 96/1997. Þá vísar stefndi til umsagnar fjárlagaskrifstofu um lög nr. 96/1997, þar sem fjallað er um 9. gr. laga nr. 30/1966, sbr. 6. gr. laga nr. 140/1997, varðandi það að ríkissjóður beri samkvæmt þeim hluta af þeim kostnaði er hljótist af yfirmati, en að ráðherra sé heimilað að taka gjald af sláturleyfishöfum til greiðslu kostnaðar vegna þess, en það sé nú efni 16. gr. nógildandi laga nr. 96/1997. Telur stefndi í ljósi framangreinds ljóst að umrætt gjald samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 teljist því sérstakur skattur á sláturleyfishafa, enda sé gjaldið fastákveðið í lögum miðað við krónutölu á hvert kíló kjöts sem innvegið sé í sláturhúsi og því ætlað að standa undir ákveðnum kostnaði sem falli til vegna þeirrar stjórnslu sem kveðið sé á um í V. kafla laga nr. 96/1997.

Að mati dómsins þá verður hér að fallast á framangreind rök stefnda um tilurð og efni lagaákvæðisins sem sérstaks almenns gjalds, enda er enn fremur í umræddri 2. mgr. 16. gr. laga nr. 96/1997 sérstaklega tilgreint hverjir séu gjaldskyldir, það eru þá sláturleyfishafar, við hvað gjaldið miðist, það er tiltekið magn kjöts sem innvegið sé í sláturhúsi, og hver sé fjárhæð gjaldsins, sem eru 0,55 krónur á hvert kíló kjöts. En stjórnvöldum er í lögnum ekki falin ákvörðun um nein meginatriði skattheimtunnar þó svo að vissar vísbendingar séu í málinu um að framkvæmdin nái ekki til alifugla. Með hliðsjón af öllu framangreindu fellst dómurinn því á að fram séu komin næg rök

fyrir því að hér sé um að ræða gilda lagaheimild til skattlagningar, sbr. 40. gr., sbr. og 77. gr., stjórnarskrár, þar sem öll viðtekin skilyrði fyrir slíkri heimild teljast uppfyllt. Þannig bendir framangreint til þess að hér sé um að ræða skatt, en ekki þjónustugjald, og hann hafi þá verið réttilega heimtur af stefnanda í ljósi umræddrar lagaheimildar.

Með hliðsjón af öllu hér framangreindu þá verður að mati dómsins ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður hafi sérstaka þýðingu í málinu eða geti leitt til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991. Verður niðurstaða dómsins því sú að sýkna beri stefnda af dómkröfum stefnanda í málinu.

Eins og mál þetta er vaxið þykir þó rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Málið fluttu Eva Halldórsdóttir lögmaður fyrir hönd Sigurðar Kára Kristjánssonar lögmanns fyrir stefnanda, en Fanney Rós Þorsteinsdóttir lögmaður fyrir hönd Einars K. Hallvarðssonar fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn. Dómarinn tók við meðferð málsins 5. september sl. en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess. Þá ber að geta þess að dómsuppsaga í málinu hefur dregist vegna hátíða og embættisanna dómara og gætt var því sérstaklega að áskilnaði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, Stjörnugrís hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson